

# AÐFERÐAFRÆÐI

MA-nám  
[hi.is/adferdafraedi](https://hi.is/adferdafraedi)



## Markvisst nám á framhaldsstigi í rannsóknaraðferðum félagsvísinda

Meistaránám í aðferðafræði nýttist víða í atvinnulífinu, bæði í einkageiranum og hjá hinu opinbera. Námið er að hluta kennt á ensku sem er góð leið til að verða hluti af alþjóðlegu fræðasamfélagi, alþjóðlegum vinnumarkaði sem og sérlega gagnlegt fyrir þá sem stefna á doktorsnám hér á landi eða ytra. Hluti af starfi fyrirtækja og stofnana felst í að safna gögnum og upplýsingum sem stundum eru vannýtt. Því er víða þörf fyrir fólk sem getur skipulagt rannsóknir og safnað gögnum og greint þau á faglegan hátt. Þegar taka þarf upplýstar ákvarðanir í stefnumótun, rekstri og áætlunargerð er greining gagna og túlkun niðurstaðna mikilvæg hæfni. Aðferðafræði félagsvísinda gagnast einnig þegar leitað er nýrra tækifæra í rekstri fyrirtækja og stofnana.

### Markmið

Námsleiðin felur í sér markvisst nám á framhaldsstigi í aðferðafræði og rannsóknaraðferðum félagsvísinda. Markmið námsins eru þrjú. Í fyrsta lagi að nemendur nái tókum á helstu hugtökum aðferðafræðinnar og geti hagnýtt þau í framkvæmd rannsókna sem styðjast við aðferðir félagsvísinda og í mati á gæðum slíkra rannsókna. Í öðru lagi að nemendur kynnist helstu rannsóknaraðferðunum og geti metið styrkleika þeirra og takmarkanir með hliðsjón af fjölbreyttum rannsóknarspurningum og viðfangsefnum félagsvísindanna. Í þriðja lagi að nemendur fái haldbæra þekkingu á og reynslu af úrvinnslu bæði tölulegra gagna og eigindlegra gagna og framsetningu niðurstaðna.

### Inntökuskilyrði

Nemendur skulu hafa lokið BA-, B.Ed-, eða BS-prófi frá Háskóla Íslands eða sambærilegu námi með fyrstu einkunn. Jafnframt er gerð krafa um að nemendur hafi lokið eftirfarandi námskeiðum eða sambærilegum: FÉL204G Aðferðafræði: Rannsóknaraðferðir félagsvísinda og FÉL306G Tölfræði I.

Nemendur taka námskeið í almennum rannsóknaraðferðum og fá reynslu af því að lesa og leggja gagnrýnið mat á rannsóknir félagsvísindafólks. Jafnframt taka nemendur hagnýt námskeið þar sem þeir fá reynslu af því að beita sértækum tölfræðiaðferðum til að greina töluleg gögn (t.a.m. gögn sem safnað er með spurningalistum). Auk þess eru sértæk námskeið í tilteknum aðferðum, svo sem spurningalistakönnunum, djúpvíðtölum og rýnihópum. Í lok námsins vinna nemendur meistaraverkefni þar sem þeir nota tiltekna aðferð til þess að skoða viðfangsefni sem tengist þeirra eigin áhugasviði innan félagsvísinda eða skyldra greina.

Meðal námskeiða sem nemendum stendur til boða:

- Aðhvarfsgreining
- Hagnýt gagnagreining
- Siðfræði vísinda og rannsóknna
- Spurningalistakannanir
- Vettvangsaðferðir

### Um námið

Boðið er upp á 120 eininga meistaránám í aðferðafræði að afloknu BA-, B.Ed-, BS-prófi eða sambærilegu háskólaprófi (sjá nánari upplýsingar um inntökuskilyrði).

Námið tekur tvö ár og skiptist í eftirfarandi:

- 45 einingar í skyldunámskeiðum
- 35 eða 20 einingar í bundnu vali
- 10 einingar í frjálsum vali
- 30 eða 45 einingar í MA ritgerð

Frá haustinu 2020 verður einnig í boði kjörsvið í markaðsrannsóknum í samstarfi við Viðskiptafræðideild. Nemendur taka 50e við Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild, 30e við Viðskiptafræðideild, 10e í bundnu vali og 30e lokaritgerð.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu námsbrautar  
[hi.is/adferdafraedi](https://hi.is/adferdafraedi)



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI-  
OG ÞJÓÐFRÆÐIDEILD